

## Félagssfundur Hestamannafélagsins Spretts 12. nóvember 2014

Fundarstaður: Veislusalur reiðhalla Spretts

Fundur hófst kl. 20:00

Fjöldi fundarmanna: 70 manns

Linda Björk Gunnlaugsdóttir, formaður félagsins setti fundinn og lagði til að Kristinn Hugason yrði fundarstjóri og Kristín Njálisdóttir fundarritari. Tillaga samþykkt samhljóða.

Kristinn Hugason tók við fundarstjórn og fór yfir dagskrá fundarins sem lá fyrir í 5 liðum. Kristinn gaf Lindu orðið sem fór yfir verkefni stjórnar frá því hún tók til starfa eftir aðalfund félagsins um miðjan mars á þessu ári.

Í máli Lindu kom það helst fram að mikill tími stjórnar hefur farið í verkefni tengdum fjármálum félagsins og frágangi á reiðhalla byggingunni og völlum. Þá kynnti Linda ráðningu á Magnúsi Benediktssyni sem framkvæmdastjóra félagsins og fór yfir starfssvið hans. **Sjá nánar kynningu Lindu á meðfylgjandi glærum.**

Eftir fyrsta hluta kynningar Lindu tók Lárus Finnbogason, gjaldkeri félagsins við og fór yfir fjármál félagsins. Það er ekkert launungarmál að staða félagsins er viðkvæm og því þarf að spila út öllu sem hægt er til að auka tekjur þess. **Sjá nánar yfirlit um fjármál og rekstur í meðfylgjandi glærum.**

Lilja Sigurðardóttir, formaður fræðslunefndar, kynni dagskrá fræðslunefndar fyrir veturinn og er þar að ferðinni mjög metnaðarfull dagskrá þar sem félagsmenn Spretts ættu flestir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Dagskráin hefur verið gefin út og birt á heimasíðu Spretts.

Arnhildur Halldórsdóttir, nýr formaður æskulýðsnefndar, kynnti starf nefndarinnar og það helsta sem er á dagskrá fyrir æskuna yfir veturinn.

Linda fékk aftur orðið og fór yfir aðra viðburði á dagskrá félagsins í vetur, eins og t.d. nefndarkvöld, hestamennska fyrir börn, jólaball, vetraleika, áhugamannadeildin, þorablót o.fl. Þessi dagskrá hefur verið birt á heimasíðu Spretts og verður síðan gefnin út á prenti og borin í hús á félagssvæðinu.

Þá fór Linda yfir opnunartíma reiðhalla og skipulag í kringum afnot félagsmanna af höllinni. Boðið verður upp á rafræna aðgangsslykla sem félagsmenn geta keypt hjá framkvæmdastjóra félagsins. Um er að ræða einfalt kerfi sem veitir greiðan aðgang félagsmanna að höllinni.

Í máli Lindu kom einnig fram að stjórn hefur hafið vinnu við stefnumótun sem byggir á fimm meginflokkum:

- Fræðsla og kynning
- Félagstarf og samskipti
- Íþróttastarf og keppnir
- Æskulýðsstarf og nýliður
- Fjármál og rekstur

Stjórnin mun vinna áfram með stefnumótun í vetur og hvatti Linda félagsmenn til þess að koma með tillögur sem gætu gagnast við þessa vinnu stjórnar.

Unnið hefur verið að því að manna allar nefndir félagsins og hefur það gengið þokkalega. Alltaf er samt þörf fyrir áhugasama félagsmenn til að taka þátt í starfinu og hvatti Linda til þess að fólk hefði samband við framkvæmdastjóra ef það hefði hug á því að starfa í einhverjum af nefndum félagsins í vetur.

Það eru bara spennandi tímar framundan hjá félaginu, mikið um að vera og hugur í mönnum.

Eftir yfirferð og kynningu á starfi félagsins frá þeim Lindu, Lárusi, Lilju og Arnhildi, hvatti fundarstjóri fundarmenn til að taka til máls og leggja fram fyrirspurnir.

Sigríður Sörensdóttir lagði fram fyrirspurn varðandi félagsgjald eldri borgara í Spretti og svaraði Linda því til að stefnan væri sú að eldri borgarar greiddu ekki félagsgjald.

Ómar spurðist fyrir um ljósastaura – lýsingar á svæðinu sem hann taldi ekki nægilega góðar. Linda svaraði því til að vinna væri í gangi í samstarfi við bæjaryfirvöld í Kópavogi til þess að bæta allan frágang á svæðinu og þar með talið lýsingu.

Bjarni Benediktsson tók til máls og þakkaði stjórn og nefndum fyrir góð störf og hvatti til áframhaldandi góðra starfa. Hann lagði fram fyrirspurn varðandi sölu eigna félagsins, bæði gamla félagsheimili Andvara og Hattarvallahöllina. Það hafi alltaf verið í skipulaginu á fjármögnun nýrrar reiðhalla að selja þessar eignir.

Linda svaraði því til að stjórn hafi fengið fasteignasölu til að verðmeta félagsheimilið og síðan hafi það verið auglýst sl. sumar til sölu. Engin fyrirspurn hefur borist stjórn enn sem komið er. Pétur Maack lagði fram tillögu þess efnis að skora á stjórn að fjölga félagsmönnum eins og mögulegt væri.

Halldór, formaður reiðveganefndar gerði grein fyrir framkvæmd nefndarinnar í tengslum við uppsetningu vegvísa á reiðleiðum í nágrenni við félagssvæði Spretts. Einnig er búið að skrásetja þessa vegvísa inn á kortasjónna. Félagsmenn gerðu góðan róm að framkvæmd reiðveganefndarinnar.

Aðalheiður vakti máls á lýsingum hverfisins og tók undir með Ómari hvað það varðaði. Einnig þyrfti að bæta almenna umgengni. Aðalheiður lagði áherslu á það að félagsmenn og allir í hesthúsahverfum félagsins tækju tillit til hvers annars og að allir stæðu saman um það að ganga vel um hverfin sín.

Fundarstjóri sleit fundi en fundinum lauk með sýningu á kynningarmyndbandi Spretts um svæðið sem útbúið var í tengslum við umsókn félagsins til LH um Landsmót 2018.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 21:30

Fundargerð ritaði Kristín Njálisdóttir